


reitir er ekki lengur á skipulagsuppdrættinum. Einnig var bent á að það sem þá var kallað möguleg vegtenging lægi nærri torfristusvæði (RA-398:012). Nú er gert ráð fyrir vegi á þessum stað. Engin ummerki sjást lengur um torfristu á svæðinu. Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við staðsetningu vegarins.

Í umsögn Minjastofnunar frá 2017 kom fram að starfsmaður stofnunarinnar skoðaði á vettvangi þá reiti innan skipulagssvæðisins þar sem framkvæmdir voru fyrirhugaðar. Engar fornleifar fundust innan reitanna. Breytingar hafa verið gerðar á sumum byggingareitanna frá gildandi skipulagi en þó virðast þeir flestir vera á svipuðum slóðum og áður var gert ráð fyrir. Einn reitur er á nýjum stað, á lóð sem kölluð er Klettholt C á uppdrætti. Hann er í sléttuðu túni og ekki í nálægð við skráðar fornleifar.

Minjastofnun gerir ekki athugasemd við tillögu að deiliskipulagi Sólstaða/Klettholts í landi Köldukinnar eins og hún var kynnt stofnuninni með deiliskipulagsuppdrætti og greinargerð dags.

04.11.2020. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulags- og byggingarfulltrúi (birgir@ry.is)